

# Verkefnalýsing – náttúruvernd og efling byggða (C9)

## Tilgangur

Greina tækifæri og mögulegan ávinning í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu og umsjón friðlýstra svæða, svo sem í náttúrutengdri ferðþjónustu.

Verkefnið er skilgreint sem aðgerð í Byggðaáætlun (C9) en er einnig hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í friðlýsingum og að skoðaðir verði möguleikar á þjóðgörðum á öðrum svæðum en nú er. Verkefnið byggir á [greiningu á hagrænum áhrifum friðlýstra svæða](#) sem unnin hefur verið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að frumkvæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og var kynnt á Umhverfisþingi 9. nóvember sl. Einnig vinnur Hagfræðistofnun, í samvinnu við fleiri aðila, að stöðugreiningu samfélagslegra áhrifa friðlýstra svæða á nærsvæði, sem verða grunnupplýsingar við greiningu á tækifærum og mögulegum ávinningi af nýtingu og umsjón friðlýstra svæða.

## Meginmarkmið

Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða.

## Mælikvarðar / mat á árangri

Stærð og fjöldi friðlýstra svæða.

Hagræn áhrif friðlýstra svæða á nærsvæði.

## Framkvæmd

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Framkvæmd: Landshlutasamtök sveitarfélaga í hverjum landshluta

Aðrir þátttakendur: Sveitarfélög, atvinnuráðgjöf landshluta, markaðsstofur, Ferðamálastofa, náttúrustofur, Byggðastofnun, jarðvangar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun o.fl.

Hver og ein landshlutasamtök skipa eða ráða verkefnisstjóra til að annast umsjón verkefnisins. Auk þess verður starfandi samræmingarhópur landshlutasamtaka sveitarfélaga.

## Viðfangsefni

Unnið er með svæði með verndargildi sem þurfa að njóta formlegrar verndar skv mati stjórnvalda og/eða ályktun Alþingis:

1. Náttúruminjaskrá B: Friðlýsing á nýju svæði.
2. Stefna ríkisstjórnar: Miðhálandisþjóðgarður.
3. Verndarsvæði skv. sérlögum (Breiðafjörður, Mývatn og Laxá) þar sem lögð er til stækkun og/eða aukin verndun.
4. Stefna um sjálfbæra þróun og landsskipulagsstefna: Verndun víðerna.
5. Núverandi friðlýst svæði þar sem lögð er til stækkun og/eða aukin verndun.

Nú þegar er unnið að friðlýsingu svæða á náttúruverndaráætlun. Sé áhugi fyrir að velja svæði á náttúruverndaráætlun þarf verkefninu að vera lokið á árinu 2019. Svæði sem valin eru geta legið í einum eða fleiri landshlutum og geta verið eitt eða fleiri stök svæði.

## Verklutur

Hvert verkefni greinist í þrjá hluta; I) val á náttúruverndarsvæði, II) greiningu hagrænna sviðsmynda og III) sóknarfæri og þróun svæðis.

### I. Val á náttúruverndarsvæði

#### Lýsing

Velja þarf eitt eða fleiri svæði sem unnið er með í hverjum landshluta af lista sem UAR leggur til. Val á svæðinu þarf að gerast í samráði vísindamanna, íbúa og yfirvalda.

#### Aðferð

Greining á svæðum sem koma til greina.

Samráð við sveitarfélög, félagasamtök, atvinnuþróunarfélög, markaðsstofur, stofnanir og fleiri um val á svæði í verkefnið.

Greining á fýsileika svæðisins m.t.t. landnotkunar, eignarhalds, náttúru- og menningarverðmæta og hagrænna möguleika. Kynning á eðli og viðfangsefnum friðlýsinga almennt.

#### Afurð

Skýrsla með greiningu og tillögu að svæði lögð fyrir UAR til staðfestingar.

### II. Hagrænar sviðsmyndir

#### Lýsing

Greining á mögulegum sviðsmyndum á hverju svæði til að leggja mat á möguleg hagræn áhrif ef svæðin eru friðlýst eða verndun þeirra aukin.

#### Aðferð

Hagrænt virði metið byggt á MGM (Money generation model) aðferðafræði og þegar söfnuðum gögnum úr rannsóknum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagrænum áhrifum. Sviðsmyndagreining sem byggir á samanburði svæða við friðlýst svæði og „óvernduð“ svæði (þ.e. Headwater Analytics method)

#### Afurð

Samantekt til UAR um hagræna möguleika byggt á hagrænum og vinnumarkaðs mælikvörðum, sem taka mið af mismunandi þróun ferðamennsku á Íslandi.

### III. Sóknarfæri og þróun svæðis

#### Lýsing

Fá þátttöku heimafólks, þ.m.t. fyrirtækja og yfirvalda, í vinnustofum til að móta hugmyndir um þróun svæða og greina mögulegar áskoranir sem snúa að þeim. M.a. farið yfir t.d. mismunandi verndarflokka og hvernig er hægt að beita þeim til að verja eða ýta undir ákveðna nýtingu, endurheimt vistkerfa, umsjón svæða o.fl. Samráð getur tengst vinnu við svæðis- og aðalskipulagsáætlanir, sóknaráætlanir og áfangastaðaáætlanir (DMP). Til hliðsjónar verði stöðugreining Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á samfélagslegum áhrifum friðlýstra svæða á nærsvæði (tilbúin í lok febrúar 2019).

#### Aðferðir

Þátttaka í vinnustofum á hverju svæði

Samantekt hugmynda og niðurstaðna.

Greining á helstu atriðum sem þörf er á til að koma helstu hugmyndum og framtíðarsýn í framkvæmd.

#### Afurð

Skýrsla til UAR þar sem tekin er saman möguleg þróun svæðis m.a. með hliðsjón af mismunandi sjónarmiðum þátttakenda í verkefninu.

Tillögur um hvernig megi þróa hvert svæði áfram.

## Kostnaður

Miðað er við að kostnaður við hvert verkefni verði allt að 8 milljónir. Í fyrsta áfanga verða sett af stað 3 verkefni og er gert ráð fyrir að þau séu unnin á allt að tveimur árum. Síðari hluta tímabils verði unnin 4 verkefni til viðbótar.

## Fjármögnun

Greiningarvinna Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er fjármögnuð að fullu af UAR. Verkefnið Náttúruvernd og efling byggða, C9 í Byggðaáætlun, verður fjármagnað af Byggðaáætlun:

1. Árið 2018, allt að 10 milljónir
2. Árið 2019, allt að 10 milljónir.
3. Árið 2020, allt að 10 milljónir
4. Árið 2021, allt að 10 milljónir
5. Árið 2022, allt að 17 milljónir

## Samningur

Gerður er samningur milli viðkomandi landshlutasamtaka og umhverfis- og auðlindaráðuneytis um framkvæmd verkefnisins.